



Naustatjörn – Naustaskóli – samstarfsáætlun

Endurskoðuð í janúar 2020

Húsnæðismál;

Naustaskóli lætur í té húsnæði fyrir tvær deildir Naustatjarnar og eru deildir leikskólans því sex. Naustatjörn borgar leigu af þessu húsnæði.

Húsnæðið sem Naustatjörn hefur til afnota er á jarðhæð skólans, við inngang 1. bekkjar. Um er að ræða tvær stórar stofur, 58 og 67fm., þrjú hóprými, 18 fm, 9 fm og 8 fm, geymsla 8 fm., gangur 7 fm, vinnustofa 18 fm. Samtals eru þessi rými 193 fm. Naustatjörn og Naustaskóli samnýta forstofu en auk þess hefur Naustatjörn afnot af húsnæði Naustaskóla eftir nánara samkomulagi s.s. samkomusal, íþróttasal. o.fl.

Naustaskóli greiðir rafmagn og upphitun. Naustatjörn greiðir 10% af kostnaði við wc pappír og handþurrkur.

Starfsmannamál;

Við leikskóladeildirnar starfa að jafnaði sex kennarar. Starf deilda byggir á hugmyndafræði leikskóla og er undir stjórn skólastjóra Naustatjarnar líkt og kennarar deilda. Forföll þar eru leyst af Naustatjörn.

Húsvörður Naustaskóla lýtur verkstjórn skólastjóra Naustaskóla en annast húsvörslu fyrir báða skóla eftir atvikum, samkvæmt samkomulagi tvo tíma á viku og greiðir Naustatjörn fyrir þá tíma.

Naustaskóli leggur til starfsmenn í mótuneyti, þeir starfsmenn eru ráðnir að Naustaskóla og heyra undir skólastjóra en lúta verkstjórn matreiðslumanns Naustaskóla við störf sín. Stjórnendur skólanna funda sameiginlega með starfsfólki eldhúss 3-5 sinnum yfir veturinn.

Skipulagning starfs;

Stjórnendur skólanna hittast mánaðarlega yfir veturinn á formlegum samstarfsfundum þar sem m.a. er rætt um samstarf skólanna.

Skólarnir hafa náið samráð við gerð skóladagatala og leitast við að ná sem mestri samræmingu á þeim.

Nám og kennsla;

Samstarf er á milli kennara leikskóladeilda og kennarateymis 1.bekkar. Í ágústmánuði ár hvert hittast kennarar Sunnuhvols og Fífilbrekku og kennarar 1. bekkjar og vinna að framkvæmdaáætlun fyrir samstarf vetrarins, tímasetningar viðburða o.þ.h. Stjórnendur skólanna sitja jafnframt þessa fundi.

Deildarstjórar leikskóladeilda og kennarar 1. bekkjar hittast einnig mánaðarlega, klukkustund í senn til að skipuleggja, undirbúa og endurmeta samstarfið þar sem nemendur beggja skólastiga blandast skv. framkvæmdaáætlun, einnig vinna nemendur saman að þemaverkefnum í blönduðum hópum.

Möguleiki er á að blandaðir hópar fari í útikennslu og ævintýraferðir í Naustaborgir.

Í samráði við foreldra getur sá möguleiki verið fyrir hendi að einstakir nemendur færast á milli skólastiga hluta úr degi.

Jákvæður agi / fræðsla;

Skólarnir stefna að sameiginlegri fræðslu starfsfólks í málefnum tengdum jákvæðum aga. Skólarnir stefna að sameiginlegri fræðslu/námskeiðum fyrir foreldra á haustönn ár hvert. Starfsmönnum beggja skóla stendur einnig til boða að sitja ákveðna fræðslufundi sem önnur hvor stofnunin stendur fyrir. Er fyrirkomulag ákveðið hverju sinni.

Mötuneyti

Mateiðslumaður Naustaskóla annast mateiðslu fyrir báða skólana og er starfsstöð hans í mötuneyti Naustaskóla.

Báðar stofnanir leggja til starfsmenn í mötuneytið í samræmi við úthlutaðar stöðuheimildir. Skipuleggur mateiðslumaður þeirra störf en þeir aðstoða við undirbúning, matseld, matarafgreiðslu, uppvask og frágang.

Fæði er selt samkvæmt þeim reglum sem gilda á hvoru skólastigi fyrir sig. Rekstarstjóri skóladeildar sér um uppgjör á fæðis kaupum milli skólanna. Naustatjörn sér um rekstur mötuneytis.

Tilfallandi innkaup á búnaði vegna eldhúss skiptast milli stofnananna þannig að Naustaskóli greiðir 75% en Naustatjörn 25%

Dagsetning undirritunar

f.h. Naustatjarnar

Jónína Hauksdóttir skólastjóri

f.h. Naustaskóla

Bryndís Björnsdóttir skólastjóri